

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2003

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð:

Aðalfulltrúar:

Andrés Pétursson formaður
Sigurgeir Ólafsson varaformaður.
Jón Bjarni Þorsteinsson
Svala Jónsdóttir til 23.09.2003
Loftur Þ. Pétursson frá 23.09.2003
Árni Sverrisson
Gestur Pétursson
Richard Hansen

Varafulltrúar:

Ólafía Ragnarsdóttir
Hafsteinn Þórðarson
Sigurveig Sæmundsdóttir
Loftur Þ. Pétursson
Steingrímur Steingrímsson
Páll Árnason
Örn Sigurðsson
Guðmundur Unnþór Stefánsson

Heilbrigðisnefnd hélt 11 (13) fundi á árinu. Á þeim fundum voru teknir fyrir 411 (526) dagskrárliðir. Skiptast dagskrárliðir á eftirfarandi hátt eftir málaflokkum. Sum mál komu til umræðu á fleiri en einum fundi. Innan sviga eru tölur frá 2002.

Almenn mál um hollustuhætti, málefni sem tengjast hollustuháttareglugerð, varasömum efnum, tóbaksvörnum o.þ.h.	212 (204)
Matvælamálefni	54 (76)
Umhverfismál	133 (206)
Rekstur heilbrigðiseftirlitsins og almenn stjórnýsla	12 (40)

Matvælaeftirlit

44 umsóknir um starfsleyfi voru teknar til meðferðar, þar sem eftirlit byggist fyrst og fremst á matvælalögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

18 (27) umsóknir fyrir nýja starfsemi.

26 (36) umsóknir vegna endurnýjunar eða eigendaskipta.

Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

	Bessastaða- hreppur	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls.
Vinnslur	0	2	3	5	10
Verslanir	1	1	7	4	13
Veitingastaðir	1	3	4	7	15
Mötuneyti / veislubjónusta	0	0	1	3	4
Annað	0	2	0	0	2
Alls	2	8	15	19	44
Hætt við rekstur		1			

Umsagnir voru gerðar um drög að reglugerð um aldinsultur og sambærilegar sykurvörur.

Veitingastaðir eiga að hafa starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og matvælalögum eru flokkaðir hér sem matvælafyrirtæki.

15 (24) beiðnir um umsagnir bárust vegna umsókna um leyfi til áfengisveitinga.

40 (46) beiðnir um umsagnir bárust vegna umsókna um veitingaleyfi.

Þar sem tóbakssala fer eingöngu fram í veitingahúsum og verslunum sem selja matvæli er gerð grein fyrir þeim þætti hér í skýrslunni. Veitt voru 15 leyfi til smásölu á tóbaki samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga. Þann 31.12.2003 voru í gildi alls 132 tóbakssöluleyfi í umdæminu, 23 hjá veitingastöðum og 114 hjá verslunum.

Gerð var könnun í umdæminu á innihaldslýsingu brauða í bakaríum og á varnarefnum í matvælum í samráði við Umhverfisstofnun. Niðurstöður eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

Heilbrigðisfulltrúi starfaði í samstarfshópi heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Umhverfisstofnunar um matvælaeftirlit. Í samstarfshópnum er ýmis framkvæmd og skipulagning samstarfs- og eftirlitsverkefna rædd. Í eftirlitsverkefnum eru tekin til skoðunar sams konar matvæli á ákveðnu tímabili um allt land og leitað eftir sömu þáttunum í matvæluum ef um örverurannsóknir er að ræða.

Það hefur verið markmið að taka virkan þátt í samræmdum eftirlitsverkefnum sem tengjast starfsemi í umdæminu.

Samstarfsverkefni sem unnið var að á árinu voru eftirfarandi:

- Örveruástand súrmatar, janúar - febrúar 2003.
- Örveruástand rjómbolla, febrúar 2003.
- Örveruástand krydds og geislun á kryddi - maí 2003.
- Örveruástand niðurskorins grænmetis - maí 2003.
- Örveruástand kjúklingakjöts, maí - júní 2003.
- Örveruástand íss, júlí - ágúst 2003.
- Könnun á næringargildismerkingum unninna kjötvara, október - nóvember 2003.

Skýrslur vegna þessara verkefna hafa verið teknar saman og eru birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Eftirlitsferðir í fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvöru voru í eftirlitsáætlun ársins 708. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 858 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar. Vakin er athygli á að eftirlit vegna tóbaksvarna, mengunarvarna og sölu á vörum sem innihalda hættuleg efni fer samhliða fram hjá þeim fyrirtækjum þar sem það á við.

Matvælaeignir

Fjöldi staða 31.12. 2003, áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir.

	Framleiðsla, pökkun	Heildsala, flutningur	Stóreldhús	Smásala	Vatnsveitur	Alls
Fj. staða 31.12.2003	46	22	174	96	5	343
Fj. áætlaðra eftirlitsferða	67	20	300	283	38	708
Fj. eftirlitsferða	120	38	401	267	32	858

Með stóreldhúsum eru skráð sjúkrahús, gististaðir, skólar og félagsaðstaða þar sem matvælum er dreift. Umrædd starfsemi flokkast einnig m.t.t. hollustuháttaeftirlits. Slík tvítalning tekur til 79 eftirlitsstaða.

Kvartanir og ábendingar frá almenningi vegna matvæla voru 42 á árinu. Einkum voru kvartanirnar tengdar meðferð matvæla 11 alls og hreinlæti 10.

Hollustuhættir

124 umsóknir voru teknar til meðferðar, þar sem eftirlit byggist aðallega á ákvæðum hollustuháttareglugerðar.

64 (65) umsóknir fyrir nýja starfsemi.

60 (59) umsóknir vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.

Þann 27. desember 2002 var hollustuháttareglugerð gefin út. Leysti hún af hólmi heilbrigðisreglugerð sem var að stofni til frá 1990. Með lagabreytingu og tilkomu reglugerðarinnar urðu fleiri flokkar fyrirtækja starfsleyfis skyldir en áður. Sum fyrirtæki sem höfðu aðeins verið eftirlitsskyld urðu nú starfsleyfis skyld.

Nokkur meðhöndlun og dreifing matvæla á sér einnig stað í sumum fyrirtækjum sem flokkast hér s.s. í skólum, leikskólum, sjúkrahúsum, vistheimilum og félagsmiðstöðvum. Veitingastaðir sem þurfa að hafa starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og matvæla lögum eru flokkaðir sem matvæla fyrirtæki. Þar sem tóbakssala fer nær eingöngu fram í veitingahúsum og verslunum sem selja matvæli er gerð grein fyrir þeim þætti í kafla um matvæli. Vegna kröfu um mengunarvarnabúnað við tannlæknastóla eru tannlæknastofur í flokknum umhverfiseftirlit varðandi starfsleyfi en hollustuhætti varðandi eftirlit.

Hollustuháttareglugerð

Fjöldi umsókna um starfsleyfi, flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

	Bessastaða- hreppur	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls.
Daggæsla og leikskólar	0	0	1	2	3
Gististaðir	0	2	8	1	11
Snyrtistofur hvers konar	0	2	8	19	29
Heilbrigðis- og meðferðarstofn.	0	2	0	11	13
Skólar, leikskólar kennslustaðir	1	1	4	5	11
Íþróttastarfsemi	0	1	3	10	14
Verslun og annað	0	6	15	22	43
Alls	1	14	39	70	124
Óafgreiddar umsóknir	0		1	3	3
Umsókn dregin til baka	0	0	1	1	2

Á fundum heilbrigðisnefndar voru teknar til afgreiðslu ein beiðni um umsögn vegna torgsölu og fimm beiðni um umsögn vegna gistileyfa.

Almennar kvartanir voru 134. Flestar, 74, vegna farartækja sem skilin voru eftir í misjöfnu ástandi á almannafæri eða á lóðum og voru nálægum íbúum til ama eða leiðinda. Kvartanir vegna hollustuháttamála voru 186. Flestar voru vegna dýrahalds eða flækingsdýra 43, meindýra 40, varasamra efna 32 og óþæginda frá eða óþrifnaðar við rekstur fyrirtækja eða þjónustu 30.

Starfsmenn þjónustumiðstöðva sveitarfélaganna hafa jafnframt afskipti af nokkrum hundruðum bifreiða sem skildar eru eftir án númera á almannafæri.

Tíðni reglubundins eftirlits til fyrirtækja í þessum flokki er algengust ein eftirlitferð á ári. Til fyrirtækja í nokkrum flokkum eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir til stórra undstaða. Einnig er eftirlitsstíðni ein eftirlitsferð á tveggja til fjöggra ára fresti í nokkrum tilvikum. Eftirlitsferðir vegna fyrirtækja og stofnana í þessum flokki voru áætlaðar í eftirlitsáætlun 424. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 359 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

Hollustuháttareglugerð

Fjöldi staða 31.12.2003, áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir.

	Fegrunar - og snyrti- starfsemi	Verslun, merkinga- skyld efnavara	Gisti- starfsemi	Fræðslu-, íþrótt- og menningar stofnanir	Heilbrigðis- þjónusta	Annað	Alls
Fj. staða 31.12.2002	90	79	25	144	84	31	453
Fj. áætlaðra eftirlitsferða	55	66	18	195	73	17	424
Fj. eftirlitsferða	78	53	35	145	34	14	359

Til fegrunar og snyrtistarfsemi telst hársnyrtning, snyrtistofur, nudd, ljósastofur, húðflúr og húðgötun.

Heildsala og smásala á vörum sem innihalda eiturefni og hættuleg efni og er flokkuð sem verslun með merkingaskylda efnavöru.

Læknastofur, heilsugæsla, sjúkrahús, sjúkrahjálfun, endurhæfing, fótaaðgerðastofur og tannlæknastofur eru skráðar sem heilbrigðisþjónusta.

Með stórelldhúsum í kaflanum um matvæli eru skráð sjúkrahús, gististaðir, skólar og félagsaðstaða þar sem matvælum er dreift. Umrædd starfsemi flokkast fyrst og fremst m.t.t. hollustuháttaeftirlits og er því einnig skráð hér. Slík tvítalning tekur til 79 eftirlitsstaða.

Þann 31.12.2003 voru 1162 hundar skráðir hjá heilbrigðiseftirlitinu og hafði þeim fjölgað um 56 frá árinu áður. Veittur var afsláttur á eftirlitsgjöldum fyrir 444 hunda þar af 11 lögreglu- og björgunarsveitahunda.

178 kvartanir bárust heilbrigðiseftirlitinu á árinu vegna hunda. Flestar eða 113 eru eins og áður um að lausagöngu hunds. Eftirlitsmaður í föstu starfi var við eftirlit vegna hundahalds allt árið en áður hafði kvörtunum verið sinnt í tímavinnu.

Greinargerð var gerð til úrskurðarnefndar sem starfar samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna stjórnsýslukæru. Stjórnsýslukæran var um að umsókn um skráningu hunds í fjöleignahúsi var hafnað þar sem samþykki meðeigenda lá ekki fyrir.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga störfuðu tveir vinnuhópar á sviði hollustuháttamála, hollustuháttahópur og efnavöruhópur. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfmann í hvorn hóp. Í vinnuhóp um hollustuhætti eru unnar tillögur að samræmdum verklagsreglum, leiðbeiningum og starfsleyfisskilyrðum. Í efnavöruhóp er rætt um eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og vörum sem innihalda slík efni og ýmis framkvæmd og skipulagning samstarfs- og eftirlitsverkefna á þeim málum undirbúin. Á árinu var haldinn fundur með aðilum sem starfa við sams konar eftirlit á öðrum norðurlöndum og tók efnavöruhópurinn þátt í þeim fundi.

Umhverfiseftirlit

68 umsóknir um starfsleyfi voru teknar til umræðu, þar sem eftirlit byggist fyrst og fremst á ákvæðum í mengunarvarnareglugerðum.

53 (72) umsóknir fyrir nýjar starfsemi.

7 (74) umsóknir vegna endurnýjunar.

8 fyrir tímabundna starfsemi.

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

	Bessastaða- hreppur	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls.
Bílgrein.	1	2	11	10	24
Efnaiðnaður	0	0	2	2	4
Fiskvinnsla	0	0	5	0	5
Prentið/framköllun	0	0	1	2	3
Málmiðnaður og verkstæði	0	0	5	5	10
Trésmíðaverkstæði	0	0	3	2	5
Tannlæknastofur	0	1	1	0	2
Annað	1	0	5	10	16
Alls	2	3	33	31	69
Óafgreiddar umsóknir	0	0	4	1	5
Tímabundin starfsemi*	0	0	2	6	8

*Í umboði nefndarinnar voru auk þess veitt nokkur leyfi fyrir brennur og flugeldasýningar um áramótin.

Umsagnir og álit voru gerð til eftirtalinna aðila:

Umhverfisráðuneytis um:

- stjórnslukæru vegna umhverfismats fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar um Kópavog og Garðabæ.
- drög að reglugerð um urðun úrgangs
- drög að reglugerð um varnir vegna meðferðar og geymslu olíu og líkra efna

Umhverfisstofnunar (Hollustuverndar ríkisins) um starfsleyfi fyrir:

- málningarframleiðslu.
- olíubirgðastöð.

Kópavogsbæjar um:

- stofnun lögbýlis að nýju á jörð sem nú er skráð eyðibýli.
- breytingu á skipulagi vegna vatnstöku í Vatnsendakrikum
- hljóðvist fyrir fyrirhugað byggingarsvæði á landi Lundar.

Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats og undirbúnings matsskýrsla:

- Arnarnesvegur.
- Tvöföldun Reykjanesbrautar.
- Suðurstrandarvegur.
- Orkuvers á Helligheið.

Sýslumannsins í Hafnarfirði vegna akstursbrautar fyrir almenning í húsnaði í Garðabæ.

Skipulagsnefndar Garðabæjar um breytingar á íþróttasvæði Andvara við Kjóavelli.

Greinargerð var gerð til úrskurðarnefndar sem starfar samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna stjórnslukæru. Stjórnslukæran var um meint afskiptaleysi heilbrigðiseftirlitsins af númerslausum bifreiðum á íbúðarhúsalóð.

Eftirtalin vöktunarverkefni voru í gangi á árinu:

- könnun á grunnvatni á völdum stöðum. Vöktun á styrk köfnunarefna og ákveðinna þungmálma.
- mælingar á mengun í skurðum, lækjum og vötnum til undirbúnings flokkun ferskvatns sbr. ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 og til að finna hugsanlegar rangtengingar fráveitu.
- mælingar á áhrifum mengunar skólps við og á ströndum.
- mælingar á loftgæðum á Hvaleyrarholti. Þar eru gerðar sólarhringsmælingar á brennisteinstvöldi, flúor og ryki.

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hélt 8 fundi á árinu 2003 og tók fyrir 37 mál. Af þeim voru 20 aðsend erindi en 17 vörðuðu samræmingu á störfum eftirlits og undirbúning fyrir ráðstefnu um vatnsverndarsvæðin. Ráðstefna um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldin Hótel Nordica 12. nóvember 2003. Fundagerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu á fundum heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd fór í vettvangsferð um vatnsverndarsvæðið í Heiðmörk og skoðaði aðstöðu Orkuveitu Reykjavíkur þar.

Lóðahreinsun á einstökum lóðum og svæðum kom til umræðu á nokkrum fundum nefndarinnar. Athugasemdir voru gerðar við umgengni á 5 lóðum og samþykkt að nýttar yrðu heimildir laga um þvingunarúrræði ef á þyrfti að halda.

Ólykt frá einni tegund fiskvinnslu, svonefndri heitloftsþurrkun fiskafurða eða hausþurrkun í þurrkklefum, hefur valdið umtalsverðu ónæði og hefur slík starfsemi verið takmörkuð meðan unnið hefur verið að úrbótum.

Kvartanir sem skráðar eru sem mengunarmál voru 124. Þar af 84 vegna ákveðinna fyrirtækja. Flestar voru þær vegna ólyktar við fiskþurrkun. Kvartanir og tilkynningar um mengunarslys og óhöpp voru 14. Aðrar kvartanir 26. Auk þess sinni Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins mengunarslysum og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölum.

Tíðni reglubundins eftirlits til fyrirtækja í þessum flokki er algengust ein eftirlitsferð á ári. Til fyrirtækja í ákveðnum flokkum bílgreinar eru þó áætlaðar tvær ferðir. Eftirlitsferðir vegna fyrirtækja og stofnana í þessum flokki voru í eftirlitsáætlun 608. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 524 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

Mengunarvarnaeftirlit

Fjöldi staða 31.12.2003, áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir.

	Málm og bílgrein	Efna- og timburiðn.	Fiskvinnsla	Jarðefna-vinnsla	Annað	Samtals
Fj. staða 31.12.2003	340	183	29	16	33	601
Fj. áætlaðra eftirlitsferða	377	130	36	22	43	608
Fj. eftirlitsferða	360	97	28	15	24	524

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er starfandi fjöggra manna starfshópur sem hefur það verkefni að ganga frá samræmdum starfsleyfisskilyrðum vegna mengandi starfsemi. Á árinu voru m.a. afgreidd skilyrði fyrir flest svið innan bílgreinarinnar. Heilbrigðiseftirlitið leggur til annan af þeim fulltrúum sem koma frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna.

Almennt

Með lagabreytingu nr. 98 frá 15. maí 2002 á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir var fjölgað flokkum fyrirtækja sem eiga að hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd. Falla nú saman fjöldi þeirra staða þar sem á að fara fram reglubundið eftirlit og þeirra sem eiga að hafa starfsleyfi. Í lok árs 2003 voru á skrá heilbrigðiseftirlitsins 1320 staðir sem eiga að hafa starfsleyfi. Samkvæmt eftirlitsáætlun var reiknað með 1645 eftirlitsferðum til þeirra staða og skráðar voru 1467 eftirlitsferðir. Farnar voru til viðbótar 85 eftirlitsferðir til annarra eftirlitsstaða vegna tilfallandi eftirlits og verkefna. Farið var í 108 eftirlitsferðir þar sem í ljós kom að starfsemin var hætt, tilkynnt var um síðar á árinu að starfsemi væri hætt eða starfsemin hafði breyst á þann veg að reglubundið eftirlit ætti ekki lengur við. Heildarfjöldi skráðra eftirlitsferða vegna tiltekinnar starfsemi var á árinu 1644 sem er alveg samkvæmt áætlun.

Starfsleyfi hjá virkri starfsemi voru í árslok 1067 og 177 starfsleyfi til viðbótar voru í vinnslu. Jafngildir það að 94% starfsleyfis-skyldrar starfsemi væri með leyfi. Markmiði um að yfir 95% væri með starfsleyfi var því ekki náð.

Rekstrarkostnaði er haldið aðgreindum vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits annars vegar og eftirlits með hundahaldi hins vegar. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að sértekjur næmu um 63% af rekstrarkostnaði við heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og að um 37% kostnaðar yrði mætt af sveitarfélögunum. Allur kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi á að greiðast af sértekjum. Í niðurstöðutölum rekstrareiknings árið 2003 eru sértekjur vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits kr. 37.901.113 eða 72% af rekstrarkostnaði við þann þátt rekstursins. Heildarkostnaður vegna eftirlits með hundahaldi var á árinu kr. 10.536.719 og heildartekjur kr. 10.736.889 vegna þess þáttar.

Í meðfylgjandi töflu eru samburðartölur milli árana 2001, 2002 og 2003 vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Íbúatölur er sömu og við uppgjör ársreiknings.

Samanburður á fjölda fyrirtækja, stöðugilda, kostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. fyrirtæki og kostnaði pr. stöðugildi árin 2001, 2002 og 2003.

	Íbúafj.	Starfsleyfis-skyld starfsemi fj.	Stöðugildi.	Heildar kostnaður kr.	Kostnaður pr. íbúa kr.	Kostnaður pr. fyrirtæki kr.	Kostnaður pr. stöðug kr.
2003	56096	1320	7,2	52.429.008	935	39.719	7.281.802
2002	54642	1287	7	50.355.292	922	39.126	7.193.613
2001	52764	1286	7	41.196.547	781	32.035	5.885.221

Í meðfylgjandi töflu er samanburðartölur árána 2002 og 2003 vegna eftirlits með hundahaldi. Árið 2002 var stórum hluta eftirlits sinnt í tímavinnu og miðast fjöldi stöðugilda við áætlað vinnuframlag.

Samanburður á fjölda skráðra hunda, stöðugilda, kostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. hund og kostnaði pr. stöðugildi árin 2002 og 2003.

	Íbúafj.	Fjöldi skráðra hunda.	Stöðugildi.	Heildar kostnaður kr.	Kostnaður pr. íbúa kr.	Kostnaður pr. hund kr.	Kostnaður pr. stöðug kr.
2003	56096	1320	1,8	10.536.719	188	9068	5.853.733
2002	54642	1287	2	10.326.215	189	9337	5.163.108

29. mars 2004

Guðmundur H. Einarsson.